

# Leiðsögunám

**Menntamálaráðuneytið  
2004**

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	bls. 3
Inntökuskilyrði.....	bls. 3
Skipan náms.....	bls. 3
Nám og kennsla.....	bls. 4
Námsmat .....	bls. 4
Lokamarkmið.....	bls. 4
Brautarlýsing .....	bls. 6
Áfangalýsingar.....	bls. 7-22

# UM LEIÐSÖGUNÁM

## Inngangur

Námskráin lýsir markmiðum, skipulagi náms og tilhögun kennslu og námsmats í leiðsögunámi. Lýst er lokamarkmiðum náms, en færnikröfur í leiðsögunámi eru útfærðar nánar í einstaka námsáföngum. Færnikröfur eru unnar af starfandi leiðsögumönnum, en samkvæmt 30. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 er skólanefnd heimilt að setja á fót ráðgjafarnefnd við viðkomandi skóla með fulltrúum atvinnulífs í þeim tilgangi að stuðla að sem bestu samstarfi skóla og atvinnulífs og ýta undir frumkvæði þeirra við þróun starfsnáms.

Leiðsögunám er sérhæft starfsnám sem tekur 1 ár. Námið byggist á fjórutíu ára hefð (Leiðsöguskóli Íslands) og hefur nokkra sérstöðu hér á landi. Leiðsögunám er fólgið í sérhæfðri fræðslu og starfsþjálfun þeirra sem vilja búa sig undir störf sem leiðsögumenn ferðafólks.

Leiðsögumenn eru sérhæfðir þjónustuaðilar við ferðamenn. Starfsvettvangur leiðsögumanna er hópferðabílar, ferðaskrifstofur, upplýsingamiðstöðvar og önnur ferðaþjónustufyrirtæki. Ennfremur fara gönguleiðsögumenn með hópa um helstu gönguleiðir Íslands. Leiðsögumenn sinna einnig afþreyingar- eða áhættuleiðsögn, flúðasiglingum og fjallaklifri. Leiðsögumenn starfa sjálfstætt á vettvangi eftir skipulagi ferðasöluáðilla og bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum. Störf leiðsögumanna eru einkum fólgin í því að fara með erlenda ferðamenn um Ísland. Þeir aðlaga hverja ferð ólíkum þörfum einstaklinga eða hópa. Leiðsögumenn draga fram lífandi myndir af landi og þjóð og tengja saman ólík fræðasvið, s.s. sögu, menningu, jarðfræði, flóru og fínu.

Starfið krefst þess að viðkomandi hafi

- góða þekkingu á íslenski ferðaþjónustu
- gott vald á a.m.k. einu erlendu tungumáli
- víðtæka þekkingu á íslensku þjóðlífi, sögu, menningu og náttúru landsins
- hæfni í mannlegum samskiptum
- undirstöðuþekkingu á almennum öryggisatriðum á ferðalögum

## Inntökuskilyrði

Með vísan til sérstöðu leiðsögustarfsins og þeirra krafna sem það gerir til leiðsögumanna eru gerðar kröfur um 21 árs lágmarksaldur við innritun í námið. Þá er þess krafist að nemendur hafi haldgóða, almenna undirstöðumenntun, stúdentspróf eða hliðstætt, þannig að nám og kennsla í skóla nýtist þeim og þeir hafi góða möguleika á að ná þeim markmiðum sem stefnt er að í náminu. Dæmi um annan undirbúning er góð tækni á erlendu tungumáli og umfangsmikil reynsla og þekking á ferðamálum, reynsla af ferðalögum um landið, áhugi á landinu, náttúru þess, sögu og menningu. Við innritun gangast nemendur undir inntökupróf í einu erlendu tungumáli, og íslensku ef ástæða þykir til, og þurfa að standast það til þess að geta hafið nám.

## Skipan náms

Námið er alls 37 einingar og skiptist í þrjú hluta: kjarna, kjörsvið og val. Nám í kjarna er 17 einingar og er sameiginlegt fyrir alla. Nám á kjörsviði er a.m.k. 16 einingar og felur í sér sérhæfingu á viðkomandi sviði. Velja þarf a.m.k. eitt kjörsvið, en kjörsvið eru alla jafna ekki öll í boði á sama tíma. Nám í vali er a.m.k. 4 einingar og eru í boði almenn og sérhæfð námskeið. Valnámskeiðin verða opin leiðsögumönnum og starfsfólki í ferðaþjónustu.

Leiðsögunámið er skipulagt sem samfelld tveggja anna nám. Nemendum er heimilt að ljúka náminu á allt að fjórum öðrum ef til þess liggja ríkar ástæður svo sem alvarleg veikindi eða aðrar sérstakar ástæður. Ekki skal þó að öðru jöfnu líða lengri tími en eitt ár milli lokaprófa fyrri og síðari annar. Nemendum er ekki heimilt að hefja nám á síðari önn án þess að hafa lokið fyrri önn, þ.e. kjarnanámi, með fullnægjandi árangri. Þeir nemendur sem lokið hafa 37

einingum og staðist lágmarkskröfur í öllum áföngum námsins hljóta skírteini sem leiðsögumenn ferðafólks.

## Nám og kennsla

Markmið náms og kennslu í leiðsögn er að gera nemendur hæfari í starfsgrein sinni og þjálfa verklega færni sem nýtist þeim til starfa á vinnumarkaði. Námið miðar að því að þjálfa færni og hæfni nemenda til þess að standast kröfur ferðaþjónustunnar hverju sinni um áreiðanleika og fagleg vinnubrögð. Námið á að búa nemendur undir almenna leiðsögn innanlands með erlenda ferðamenn og að veita þeim sérmenntun á sviði göngu- og afþreyingarleiðsagnar, sbr. kjörsviðslýsingar. Skipulag námsins tekur mið af lokamarkmiðum þess og er sérstök áhersla lögð á að veita nemendum almenna þekkingu um einstök svæði Íslands, náttúru, sérkenni og sögu, auk þess að þjálfa færni í einu erlendu tungumáli og að takast á við raunveruleg viðfangsefni í æfingaferðum. Við skipulag kennslu er mikilvægt að taka mið af kröfum starfs leiðsögumannsins og mælt er með samvinnu skóla og atvinnulífs. Mikilvægt er að nemendur kynnist notagildi upplýsingatækninnar og læri að beita henni.

## Námsmat

Tilgangur námsmats er m.a. að kanna að hve miklu leyti nemendur hafi tileinkað sér þau markmið sem sett eru í viðkomandi áföngum. Kennarar eru hvattir til þess að meta nám nemenda með fjölbreytilegum hætti. Umfang þess skal þó að jafnaði vera í samræmi við kennslu í viðkomandi áfanga.

Námsmat hefur mikið notagildi í kennslu í leiðsögunámi. Reynt skal að afla sem öruggastrar og víðtækastrar vitneskju um árangur nemenda og fylgjast vandlega með því hvernig þeim gengur að ná þeim markmiðum sem námskráin og skólinn setur. Á þennan hátt getur kennari fylgst með framförum nemenda og gert sér grein fyrir áhrifum og þróun kennslunnar.

Sú vitneskja, sem námsmatið veitir, hjálpar hverjum kennara að setja sér ný markmið og gefur oft tilefni til breytinga á námsefni, niðurröðun þess á skólaárið og kennsluaðferðum. Þá getur námsmat í leiðsögunámi verið mikilvægt tæki til að hafa áhrif á nemendur svo að námsárangur þeirra verði betri. Námsmatið gefur nemendum möguleika á því að fylgjast með eigin árangri í námi. Slíkt leiðir í flestum tilvikum til aukins áhuga og betri árangurs. Í kennslunni eru margir möguleikar á því að kanna og meta námsárangur og afkastagetu nemenda. Dæmi um möguleika á útfærslu námsmats eru verkefni af ýmsu tagi sem nemendur leysa í kennslustundum eða í heimavinnu. Einnig má nefna skrifleg eða verkleg próf sem lögð eru fyrir nemendur.

Námsmat byggist m.a. á

- verkefnum sem nemendur vinnur sjálfstætt
- frammistöðu í munnlegum æfingum og prófum í stofu og í hópferðabifreið sem fram fara á erlendu tungumáli
- frammistöðu í skriflegu lokaprófi í bóklegum greinum
- þátttöku í umræðum í tímum - símat

## Lokamarkmið leiðsögunáms

*Að námi loknu á nemandi að*

- standast gæðaviðmið ferðaþjónustunnar á hverjum tíma og geta starfað sem leiðsögumaður á einhverju eftirtalinnna kjörsviða: 1. almenn leiðsögn, 2. gönguleiðsögn að sumri, 3. gönguleiðsögn að vetri, 4. afþreyingarleiðsögn (áhættuleiðsögn), og 5. svæðisleiðsögn.

## Lokamarkmið kjarna

*Að kjarnanámi loknu á nemandi að*

- geta fjallað um málaflokka sem tengjast Íslandi, svo sem sögu, atvinnuvegi, samfélagið, dýralíf, gróður og náttúruvernd, jarðfræði, bókmenntir og listir á kjörmáli sínu
- kunna að beita leiðsögutækni
- kunna að stjórna hópi
- kunna að bregðast við slysum og beita grunnþekkingu í skyndihjálp
- þekkja helstu ferðir sem í boði eru fyrir ferðamenn á Íslandi hverju sinni
- þekkja helstu ferðamannaleiðir og staði á hverju landsvæði
- þekkja samskiptavenjur við ferðafólk, ferðaskrifstofur og samstarfsaðila
- þekkja söfn og stofnanir sem ferðafólk hefur áhuga á

### **Lokamarkmið kjörsviða**

*Að kjörsviðsnámi loknu á nemandi að*

- geta leiðsagt ferðafólki um landið og geta fjallað á kjörmáli sínu um áhugaverðar staðreyndir tengdar svæðunum sem ferðast er um
- geta uppfyllt væntingar og kröfur ferðafólks og ferðaskipuleggjenda á sérhæfðu kjörsviði sínu
- kunna að lesa kort og geta beitt áttavita og GPS-tæki til að rata
- kunna að túlka veðurspár og þekkja helstu einkenni veðurfars á Íslandi
- kunna að bregðast við íslenskum vetraraðstæðum og hafa fengið þjálfun í undirstöðuatriðum fjallamennsku
- kunna að meta snjóflóðahættu og hvernig verður best staðið að skipulagningu og leit í snjóflóði
- kunna skil á öryggismálum, tryggingum og leyfum sem gilda í einstökum flokkum ferða
- kunna að klæða sig og útbúa miðað við aðstæður hverju sinni
- þekkja eðli jökla og áhættu tengda ferðalögum á þeim

## Brutarlýsing

### Leiðsögunám

37 ein.

#### Kjarnagreinar

17 ein.

Atvinnuvegir	ATV 101
Bókmenntir og listir	BOL 102
Dýralíf	DÝR 101
Ferðapjónusta	FEP 101
Gróður – náttúruvernd	GRN 101
Íslandssaga	SAG 101
Íslenska samfélagið	ÍSA 101
Jarðfræði	JAR 102
Leiðsögutækni – Samskipti	LES 102
Skyndihjálp I	SKY 101
Tungumálanotkun I	TMN 102
Vettvangsnám	VEV 102

#### Kjörsvið

16 ein.

#### Almenn leiðsögn

Ferðamennska	FEM 102
Svæðisbundin jarðfræði	JAR 202
Svæðalýsingar	SVÆ 106
Tungumálanotkun II	TMN 202
Vettvangsnám II	VEV 204

#### Gönguleiðsögn - að sumri

Ferðamennska	FEM 102
Hópstjórn - samskipti	HÓS 101
Skyndihjálp II	SKY 201
Svæðalýsingar	SVÆ 112 114
Vettvangsnám að sumri	VEV 115
Veðurfræði - jöklar	VOJ 101

#### Gönguleiðsögn - að vetri

Ferðamennska	FEM 102
Fjallamennska I og II	FJM 101 201
Hópstjórn - samskipti	HÓS 101
Skyndihjálp II	SKY 201
Fagnámskeið í snjóflóðum	SNF 102
Svæðalýsingar	SVÆ 112
Vettvangsnám að vetri	VEV 215
Veðurfræði - jöklar	VOJ 101

#### Afþreyingar- (áhættu)leiðsögn

Afþreyingarferðir	AFP 106
Ferðamennska	FEM 102
Hópstjórn – samskipti	HÓS 101
Skyndihjálp II	SKY 201
Svæðalýsingar	SVÆ 114
Veðurfræði – jöklar	VOJ 101
Öryggismál -tryggingar - leyfi	ÖRT 101

#### Val

4 ein.

## Áfangalýsingar

### AFÞ 106 Afþreyingarferðir

#### Áfangalýsing

Í áfanganum er farið í helstu skilgreiningar á afþreyingu í ferðaþjónustu og fjallað um skipulagða og valfrjálsa afþreyingu á landi, á sjó, á vötnum, í ám, með og án farartækja.

1. Skipulögð/valfrjáls afþreying með farartækjum á landi: hópferðabifreiðar, sérútbúin ökutæki, vélsleðar, snjóbílar, hestar, reiðhjól, sleðar, jeppar.

2. Skipulögð/valfrjáls afþreying með farartækjum á sjó, vötnum eða ám: útsýnis- og sjóstangaveiðiferðir, flúðasiglingar, gúmmíbátaferðir, hvalaskoðunarferðir, kajakferðir, sæpotur.

3. Skipulögð/valfrjáls afþreying án farartækja: göngur, veiði, fuglaskoðun, köfun, sig, fossa- og jóklaklifur, flúðasund, drekaflug, fallhlífarstökk, teygjustökk.

Lögð er áhersla á móttöku ferðamannsins, skipulag ferða, búnað, tækni og sérhæfðar aðferðir afþreyingarinnar. Fjallað er um öryggismál, almennarétt, leyfi, tryggingar og staðla, veðurfræði og sérhæfingu á umhverfi afþreyingarinnar. Vettvangsnám fer fram á námstíma hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem sérhæfa sig í afþreyingarferðum. Haldin er leiðarbók (loggbók) um vettvangsnámið.

#### Meginmarkmið

Að nemendur tileinki sér almenna og sérhæfða þekkingu á afþreyingarferðum sem í boði eru hverju sinni á Íslandi og fái innsýn í starfsemi afþreyingarfyrirtækja með þátttöku á vettvangi.

#### Áfangamarkmið

*Að loknu námi í áfanganum á nemandi að kunna skil á*

- helstu skilgreiningum á afþreyingu í ferðaþjónustu
- skipulögðum og valfrjálsferðum í afþreyingu
- móttöku ferðamanna
- búnaði í einstakur afþreyingarferðir
- tækni og sérhæfðum aðferðum afþreyingarinnar
- almennri og sértækri afþreyingu
- skipulagi ferðarinnar
- öryggismálum, almennarétti, leyfum, tryggingum, viðmiðum
- veðurfræði og náttúrulegu umhverfi viðkomandi afþreyingar
- sérþekkingu sem ákveðin afþreying krefst

### ATV 101 Atvinnuvegir

#### Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um undirstöðu atvinnuvegi þjóðarinnar, þróun og breytingar í sjávarútvegi, iðnaði, landbúnaði, verslun, viðskiptum og þjónustu. Lögð er áhersla á sögu greinanna hér á landi, stöðu þeirra í dag og hugsanlega framtíðarþróun. Stuðst er við handbækur og efni af veraldarvefnum.

#### Meginmarkmið

Að nemendur tileinki sér almenna þekkingu á sögu og þróun atvinnuvega á Íslandi.

#### Áfangamarkmið

*Að loknu námi í áfanganum á nemandi að geta útskýrt fyrir ferðamönnum*

- þróun helstu atvinnuvega landsmanna, s.s. sjávarútvegs, landbúnaðar, iðnaðar, orkuvinnslu, viðskipta, þjónustu o.fl.
- núverandi ástand og horfur í atvinnumálum þjóðarinnar
- helstu viðskiptalönd
- skiptingu inn- og útflutnings eftir vörutegundum og viðskiptalöndum
- skiptingu mannafla eftir atvinnugreinum

## BOL 102 Bókmenntir og listir

### Áfangalýsing

Í áfanganum er lagður grunnur að þekkingu á bókmenntum og listgreinum á Íslandi. Fjallað er um helstu skeið og stefnur í íslenskri bókmenntasögu. Sérstök áhersla er lögð á fornbókmenntir, s.s. Íslendingasögur og eddukvæði og það samfélag sem slíkar bókmenntir spruttu úr. Skoðuð eru tengsl bókmennta og samfélags í aldanna rás og staða þeirra í nútímasamfélagi. Kynntar eru helstu listgreinar, s.s. byggingarlist, myndlist, höggmyndalist, silfursmíði, útskurður, tónlist, leiklist, listdans og kvikmyndagerð. Lögð er áhersla á að sýna fram á tengsl listsköpunar á Íslandi við verkmenningu, siði og lífskjör þjóðarinnar. Jafnframt er fjallað um helstu söfn landsins og hvernig þau nýtast í ferðum um landið.

### Meginmarkmið

Að nemendur öðlist almenna þekkingu á bókmenntun og listgreinum á Íslandi fyrr og nú.

### Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að **geta frætt ferðamenn um eftirfarandi:**

- innihald íslenskra fornbókmennta
- munnlega geymd eddukvæða og dróttkvæða
- íslenskt ritmál og fyrstu rit á íslensku
- bókagerð og bókaútgáfu
- Íslendingasögur, kenningar um tilurð og gildi þeirra fyrir Íslendinga
- þýðingar og útgáfu Biblíunnar á íslensku
- nútímabókmenntir
- rímur og þátt þeirra í íslensku þjóðlífi
- íslenskan heimilisiðnað
- þróun helstu listgreina sem hér eru stundaðar, s.s. byggingarlist, myndlist, höggmyndalist, silfursmíði, útskurð, tónlist, leiklist, listdans og kvikmyndagerð
- listahátíðir á Íslandi
- kynningar á íslenskum listgreinum erlendis
- tengsl verkmenningar og listsköpunar í tímans rás

## DÝR 101 Dýralíf

### Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um dýralíf á Íslandi og einkenni þess. Farið er í flokka dýraríkisins, ástæður tegundafæðar, uppruna og skyldleika dýra. Komið er inn á hryggleysingja og hryggdýr í sjó, vötnum og á landi með sérstakri áherslu á fugla, hvali og nytjafiska á Íslandi. Rakin er saga íslensku húsdýranna, uppruni þeirra, nytjar og áhrif þeirra á sögu og afkomu landsmanna. Lögð er áhersla á sérstöðu íslenska hundsins og hestsins. Nemendur eru þjálfaðir í notkun handbóka og efnisöflunar af veraldarvefnum. Fuglar eru skoðaðir á vettvangi og í vettvangsferðum er lögð áhersla á að nemendur kynnist íslensku dýralífi.

### Meginmarkmið

Að nemendur þekki helstu einkenni íslenskrar fánu, lifnaðarhætti og vistkerfi.

### Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að **geta sagt ferðamönnum frá**

- uppruna íslensku húsdýranna, einkennum þeirra, þróun og notagildi
- villtum landspendýrum hér á landi
- sjávarspendýrum hér við land
- skordýrum og skeldýrum hér á landi
- einkennum fuglafánunnar og algengustu fuglategundum sem hér verpa
- samhenginu í fæðuvali dýra, lifnaðarháttum þeirra og gerð vistkerfa á Íslandi

## SNF 102 Fagnámskeið í snjóflóðum

Undanfari: FJM101

### Áfangalýsing

Í áfanganum er farið í hvernig ferðast megi af öryggi um fjalllendi að vetri til. Fjallað er um veðurfræði og merki um yfirvofandi snjóflóðahættu, leiðbeint er um val á öruggum leiðum og kynnt einföld skoðun á snjóþekjunni. Farið er í gerð og eðli snjóþekjunnar, brot og ummyndun, orsakir, eðli og gerðir snjóflóða og snjóflóðaspár. Fjallað er um skipulag snjóflóðaleitar, björgun fólks úr snjóflóðum og lífslíkur manns sem grafinn er í snjóflóð. Kynntur er sérhæfður útbúnaður til útiveru og leitar í snjó.

### Meginmarkmið

Að nemendur öðlist sérhæfða, faglega þekkingu á mati á snjóflóðahættu fyrir ferðamenn og hvernig best verði staðið að skipulagningu og leit í snjóflóði.

### Áfangamarkmið

*Að loknu námi í áfanganum á nemandi að kunna skil á*

- reglum um leiðarval og athugunarstaði
- samsetningu snjóalaga
- áhrifum veðurs á uppbyggingu snjóalaga
- helstu hættum
- sérhæfðum útbúnaði til útiveru og leitar í snjó
- helstu aðferðum við að meta hættu á snjóflóðum
- helstu aðferðum til björgunar fólks úr snjóflóðum

## FEM 102 Ferðamennska

### Áfangalýsing

Í áfanganum er farið í helstu þætti ferðamennsku. Sérstök áhersla er lögð á rötun, kennslu á áttavita og staðsetningu með GPS-tækjum. Verkleg æfing fer fram á vettvangi. Kenndur er kortalestur og skoðaðar mismunandi gerðir korta. Tekinn er fyrir útbúnaður til göngu og fjallaferða með áherslu á klæðnað, næringu og orku. Farið er í veðurfræði til fjalla, eðli straumvatna og ferðalög í brattlendi. Fjallað er um mikilvægi góðrar fararstjórnar og viðbrögð við óvæntum aðstæðum í hópi, ásamt umgengni á tjaldstæðum og í fjallaskálum.

### Meginmarkmið

Að nemendur öðlist gott vald á að skipuleggja og undirbúa gönguferðir með hópa, með sérstakri áherslu á öryggi ferðamannsins.

### Áfangamarkmið

*Að loknu námi í áfanganum á nemandi að kunna skil á*

- notkun áttavita, notkun GPS-tækja, kortalestri, leiðarvali og tímaáætlunum
- búnaði til göngu- og fjallaferða, s.s. fatnaði, skóm, svefnpokum, tjöldum, prímusum, eldhústjöldum og tilheyrandi búnaði til eldamennsku í rútu- og trússferðum, einnig öryggisbúnaði leiðsögumanns
- grunnatriðum næringarfræði og samsetningu nestis, geta eldað ofan í lítinn hóp ferðamanna og haldið utan um birgðir í langri gönguferð
- mismun og eðli straumvatna, vali á vaði og mismunandi aðferðum til að vaða straumharðar ár
- notkun á mismunandi fjallalínum til öryggis í brattlendi og þekkja algengustu hnúta og tryggingaraðferðir
- vali á tjaldstæði með tilliti til umhverfispátta, uppsetningu tjaldbúða, frágangi tjalda, hreinlæti á tjaldstæði, umgengni við fjallaskála og aðra gististaði

## FEP 101 Ferðapjónusta

### Áfangalýsing

Í áfanganum er rakin saga og þróun ferðapjónustu í heiminum og á Íslandi. Kynnt grundvallarhugtök í ferðafræði og farið í hinar ýmsu starfsgreinar ferðapjónustu og ferðaframboð. Farið er í ferlið frá því að ferð er skipulögð, kynnt og seld erlendis þar til ferðamennirnir koma til landsins. Lögð er áhersla á lög og reglugerðir í íslenskri ferðapjónustu, öryggismál, ábyrgð, tryggingar og leyfi. Fjallað er um hlutverk og starfsemi opinberra stofnana og félaga innan ferðapjónustunnar, ferðakannanir, tölulegar upplýsingar og þýðingu þeirra fyrir ferðapjónustuna. Nemendur fara í heimsókn á ferðaskrifstofu og kynna sér hagnýt atriði í samskiptum leiðsögumanns og skrifstofanna, einnig helstu ferðagögn, ferðaáætlanir, ferðaframboð og markaðssetningu ferða. Lögð er áhersla á að nemendur afli sér upplýsinga af veraldarvefnum.

### Meginmarkmið

Að nemendur kynni sér ferðapjónustuna sem atvinnugrein og hvernig hinir fjölmörgu þættir hennar vinna saman. Að nemendur geri sér grein fyrir umfangi hennar á Íslandi og á heimsvísu.

### Áfangamarkmið

*Að loknu námi í áfanganum á nemandi að þekkja*

- sögu og þróun ferðapjónustu í heiminum og á Íslandi
- grundvallaratriði úr ferðafræði og hugtök sem þar eru notuð
- lög og reglur í íslenskri ferðapjónustu, réttindi og skyldur og nauðsynleg leyfi
- öryggismál, tryggingar, neytendavernd, skaðabætur, ábyrgð
- hinar ýmsu starfsgreinar ferðapjónustu, s.s. ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur, hópþíla, bílaleigubíla, hótél, gististaði, veitingastaði
- ferðaframboð, s.s. rútuferðir, gönguferðir, jeppaferðir, vélsleðaferðir, flúðaferðir, hestaferðir, hundasleðaferðir, fossaklifur, afþreyingarferðir, áhættuferðir
- helstu hugtök sem notuð eru innan ferðapjónustunnar, s.s. hvataferð, afþreyingarferð, menningartengda ferðapjónustu, heilsutengda ferðapjónustu, græna ferðamennsku
- hlutverk og starfsemi Ferðamálaráðs Íslands, Samtaka ferðapjónustunnar og annarra félaga á þessu sviði
- helstu útgefna bæklinga, markmið landkynningar og markaðssetningu Íslands
- ferlið frá því að ferð er skipulögð, kynnt og seld erlendis þar til ferðamennirnir koma til landsins.
- ferðamálakannanir og þýðingu þeirra, tölulegar upplýsingar um tekjur af ferðapjónustu, fjölda ferðamanna, skiptingu þeirra eftir þjóðerni og komutíma

## FJM 101 Fjallamennska I

Undanfari: FEM 102

### Áfangalýsing

Í áfanganum er farið í grundvallaratriði vetrarfjallamennsku. Tekinn er fyrir búnaður til fjallamennsku, leiðaval og snjóflóðahætta. Leiðbeint er um göngu í snjó og notkun ísaxar og ísaxarbremsa. Einnig göngu á mannbroddum og snjó og ístryggingar. Fjallað er um hnúta, línumeðferð, sig, létt snjó- og ísklifur. Áfanginn er að stærstum hluta verklegur, þ.e. tveggja daga fjallaferð þar sem gist er í skála, snjóhúsi eða tjöldum. Nemendur þurfa að hafa góða skó og mannbrodda, sigstól, hjálm, ísöxi, snjóflóðayli, snjóflóðastöng og skóflu. Þá er og þörf fyrir vind- og vatnsheldan fatnað, svo og almennan ferðabúnað.

### Meginmarkmið

Að nemendur þjálfist í undirstöðuatriðum fjallamennsku til þess að þeir geti bjargað sér í fjalllendi við íslenskar vetraraðstæður.

### Áfangamarkmið

*Að loknu námi í áfanganum á nemandi að kunna skil á*

- helstu undirstöðuatriðum í fjallamennsku til að þeir geti bjargað sér í fjalllendi við íslenskar vetraraðstæður
- helstu tækjum og búnaði við fjallamennsku að vetrarlagi, s.s. að nota ísöxi, mannbrodna og klifurbúnað í brattlendi
- helstu tryggingaraðferðum í snjó
- grunnaðferðum við mat á snjóflóðahættu
- gerð neyðarskýla, snjóhúsa og tjöldun að vetrarlagi

### **Námsmat**

Áfanginn er símatsáfangi sem byggir á mætingu og frammistöðu nemenda í vettvangsferðunum.

## **FJM 201 Fjallamennska II**

Undanfari: FJM101

### **Áfangalýsing**

Í áfanganum eru kenndar helstu aðferðir sem notaðar eru í ísklifri. Rifjaðir eru upp hnútar og fjallað um klifurbúnað, línur, tryggingar, klifuraðferðir og klifur. Áfanginn er að stærstum hluta verklegur, þ.e. tveir dagar á vettvangi, helst á skriðjökli. Nemendur þurfa að hafa alstífa skó og mannbrodna, línu, sigstól, hjálm og tvær ísaxir. Ennfremur karabínur, slinga, ísskrúfur og bergtryggingar. Vind- og vatnsheldur fatnaður er nauðsynlegur, svo og almennur ferða- og fjallabúnaður, eins og snjóflóðaylir, snjóflóðastöng og skófla.

### **Meginmarkmið**

Að nemendur verði færir um að fara langar og brattar ísklifursleiðir við íslenskar vetraraðstæður.

### **Áfangamarkmið**

*Að áfanganum loknum á nemandi að kunna skil á*

- helstu aðferðum til að fara langar og brattar ísklifursleiðir
- línum og hnútum
- notkun ístrygginga
- félagabjörgun
- sérhæfðum búnaði
- tækjum til ísklifurs

### **Námsmat**

Áfanginn er símatsáfangi sem byggir á mætingu og frammistöðu nemenda í vettvangsferðunum.

## **GRN 101 Gróður - náttúruvernd**

### **Áfangalýsing**

Í áfanganum er fjallað um flóru Íslands og sérstöðu hennar. Teknir eru fyrir helstu flokkar plantna og nemendur þjáfaðir í notkun handbóka á því sviði. Farið er yfir gróðursögu landsins með hliðsjón af gróðureyðingu, endurheimtingu landgæða og sjálfbærri nýtingu gróðurfars. Lögð er áhersla á skógrækt, náttúruvernd, friðlýsingar og umgengni við land og mið. Skoðaðar eru áherslur Íslands í umhverfismálum og alþjóðasamningar. Í vettvangsferðum er lögð áhersla á að nemendur kynnist íslensku gróðurfari.

### **Meginmarkmið**

Að nemendur þekki helstu einkenni íslenskrar flóru og þróun gróðurfars á landinu og geri sér grein fyrir stöðu umhverfismála, bæði á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi.

### Áfangamarkmið

*Að loknu námi í áfanganum á nemandi að geta sagt ferðamönnum frá*

- gróðurfari á Íslandi á tertíertímabilinu, ísöld og við landnám
- séreinkennum íslensks jarðvegs
- helstu orsökum og afleiðingum gróðureyðingar eftir landnám
- hvernig staðið er að landgræðslu og skógrækt á Íslandi
- algengustu plöntutegundum hér á landi
- umhverfismálum og náttúruvernd
- upphafi þróunar náttúruverndar í heiminum og hér á landi
- starfsemi umhverfissráðuneytis og stofnana á þessu sviði
- ýmsum flokkum friðunar
- samskiptum manns og náttúru
- áhrifum ferðamennsku á umhverfið

## HÓS 101 Hópstjórn – samskipti

### Áfangalýsing

Í áfanganum er farið í grundvallarpætti almennra samskipta sem og þjónustusamskipta. Fjallað er ítarlega um framkomu og áhrif hennar í þjónustusamskiptum. Sérstök áhersla er lögð á ábyrgð og það sem einkennir hlutverk leiðsögumans sem þjónustuaðila. Rætt er um jákvæð og neikvæð viðhorf og áhrif þeirra. Skoðaðir eru fordómar og tengsl þeirra við mismunandi þjóðerni. Helstu þættir þarfagreiningar verða kynntir með tilliti til virkrar hlustunar og líkamstjáningar. Kynntir eru styrkingarhættir sálfræði, hópstærðir og hópefli. Farið er í eðli samskipta við samstarfsaðila, s.s. landverði, starfsmenn gististaða og yfirvöld.

### Meginmarkmið

Að nemendur þjálfist í hlutverki leiðsögumansins er við kemur hópstjórnun, samskiptum við ferðamanninn og samstarfsaðila. Að nemendur öðlist færni í að takast á við mismunandi væntingar, óskir og þarfir ferðamannsins. Að nemendur kynnist undirstöðupáttum stjórnunarsálfræði.

### Áfangamarkmið

*Að loknu námi í áfanganum á nemandi að kunna skil á*

- hlutverki og ábyrgð leiðsögumans í hópnun
- persónulegum samskiptum
- viðbrögðum við erfiðleikum
- hópsálfræði
- hegðun og væntingum farþega

*Að loknu námi í áfanganum á nemandi að geta*

- stjórnað hópi á jákvæðan og uppbyggilegan hátt
- nýtt þá stjórnunaraðferð sem á við hverju sinni með vellíðan og öryggi í huga
- átt jákvæð og örugg samskipti við utanaðkomandi aðila, svo sem yfirvöld, landverði, starfsmenn gististaða o.fl.

## SAG 101 Íslandssaga

### Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um hin ýmsu tímabil Íslandssögunnar. Þar má nefna víkingatímabilið, landnámið og stofnun íslenska þjóðveldisins. Enn fremur er farið í merkustu viðburði Íslandssögunnar fyrr á öldum, s.s. landnámið, stofnun Alþingis, kristnitökuna, uppbyggingu kirkjunnar og siðaskiptin. Þá eru skoðaðar helstu heimildir um líf fólks fyrr á öldum, þjóðfélagsskipan, hlutverk karla og kvenna, húsakynni og búskaparhættir. Fjallað er um einokunartímabilið, orsakir og afleiðingar þess fyrir Íslendinga. Kynnt eru þau tímabil Íslandssögunnar er við lutum erlendri stjórn og áhrif þess á þjóðina. Rakin er saga sjálfstæðisbaráttunnar, nefndir helstu hvatamenn og stofnun lýðveldisins. Þá er skoðuð

þátttaka og staða Íslands í samfélagi þjóðanna nú á dögum. Nemendur eru þjálfaðir í efnisöflun af veraldarvefnum.

### Meginmarkmið

Að nemendur fái heildarsýn yfir þá þætti Íslandssögunnar sem mestu máli skipta frá landnámi til vorra daga.

### Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum **geti** nemandi **útskýrt** fyrir ferðamönnum helstu staðreyndir Íslandssögunnar, þar á meðal:

- elstu heimildir um Ísland
- kenningar um orsakir víkingaferða
- landnám Íslands
- Alþingi hið forna og þjóðveldi
- mótun íslenskrar kirkju
- Ísland undir erlendri stjórn
- siðaskipti
- einokunarverslun
- einveldi Danakonungs
- afdrifaríkustu atburði sjálfstæðisbaráttunnar
- lýðveldisstofnun
- stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna

## ÍSA 101 Íslenska samfélagið

### Áfangalýsing

Í áfanganum er skoðuð byggðapróun í landinu og nemendum kynnt grundvallarhugtök mannfjöldapróunar. Farið er í stjórnskipun landsins og helstu grunnhugtök eins og þrískiptingu ríkisvaldsins, lýðræði, lýðveldi, stjórnmalaflokka og mannréttindi. Fjallað er um menntun og menningarmál Íslendinga, þjóðkirkjuna og önnur trúfélög. Lögð er áhersla á að nemendur þekki lífsafkomu á Íslandi, sérstaklega hvað varðar heilbrigðismál, félagsmál, tryggingar, skatta og húsnæðismál. Stuðst er við handbækur og efni af veraldarvefnum.

### Meginmarkmið

Að nemendur fái almenna þekkingu um íslenskt nútímasamfélag.

### Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að **geta frætt** ferðamenn um

- helstu tölulegar upplýsingar um þjóðfélagið, tengsl einstakra þátta og samanburð við önnur lönd
- fólksfjöldgun og byggðapróun
- meðallíflíkur Íslendinga
- lífsafkomu
- skattamál
- tryggingar
- húsnæðismál
- menntamál
- menningarmál
- trúmál
- heilbrigðismál
- stjórnmalaflokka á Íslandi
- stjórnun landsins – Alþingi

## JAR 102 Jarðfræði

### Áfangalýsing

Í áfanganum er rakin þróun fræðigreinarinnar jarðfræði erlendis og á Íslandi. Lögð er áhersla á sérkenni Íslands, myndun landsins, eldvirkni, jarðskjálfta, jökla, vatnsföll og jarðhita. Farið er í flekakennninguna, eldstöðvakerfi, bergtegundir, jarðlög og jarðsögu Íslands. Nemendur fá tilsögn í greiningu helstu steinda og bergtegunda. Í vettvangsferðum er lögð áhersla á að nemendur kynnist jarðfræði Íslands.

### Meginmarkmið

Að nemendur tileinki sér helstu grunnatriði og sérkenni í jarðfræði Íslands.

### Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að **geta útskýrt** fyrir ferðamönnum

- nýjar kenningar jarðfræðinga um helstu náttúrufrýrbrigði sem sjást á ferðamannaleiðum og ferðamannastöðum
- flekakennninguna og myndun Atlantshafshryggjarins og tengsl hans við Ísland
- ýmsar gerðir eldfjalla, eldvirkni og orsakir tíðra eldgosa á Íslandi
- virku gossvæðin og jarðskjálftasvæðin
- mismun á jarðfræði og eldvirkni hér á landi og á öðrum stöðum á jörðinni
- heita hverji
- jarðhita og nýtingu hans hér á landi
- jökla, jökulrof og jöklabúskap
- hagnýt jarðefni
- virkjun vatnsafls og gufuaflls
- steinda- og bergfræði þar sem áhersla er lögð á holufyllingar

## LES 102 Leiðsögutækni – samskipti

### Áfangalýsing

Í áfanganum fer fram þjálfun í framsögn, raddbeitingu, frásagnartækni og framkomu. Farið er í helstu þætti mannlegra samskipta, hópstjórn og hópsálfræði. Lögð er áhersla á samskipti við ferðamenn af mismunandi þjóðerni og skoðaðir mismunandi menningarheimar og trúarbrögð. Fjallað er um ólíkar tegundir ferða og útfærslu þeirra og samskipti leiðsögumannsins við ferðaþjónustuaðila.

### Meginmarkmið

Að nemendur tileinki sér tæknilegar leiðbeiningar í leiðsögn ferðamanna um Ísland. Að nemendur þjálfist í útfærslu á mismunandi tegundum ferða og færni í mannlegum samskiptum.

### Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að **kunna skil** á

- skipulagningu og útfærslu ferða
- framsögn, raddbeitingu, frásagnartækni og vali á frásagnarefni
- hópstjórn, hópsálfræði og mismunandi trúarbrögðum
- upplýsingum til ferðamannsins um öryggisatriði, viðvaranir á hættusvæðum og í áhættuferðum
- mannlegum samskiptum
- samskiptum við ferðamenn af mismunandi þjóðerni
- samskiptum við þjónustuaðila, s.s. ferðaskrifstofur, gististaði, bílstjóra, starfsfólk, eldhúsbíla, tjaldstæði, þjóðgarða og veitingastaði

## SKY 101 Skyndihjálpi

Undanfari: Enginn

### Áfangalýsing

Fjallað er um aðgerðir á vettvangi, skoðun og mat. Endurlífgun, bókleg og verkleg. Farið er í helstu blæðingar, lost og viðbrögð við lostástandi. Teknar eru fyrir helstu tegundir sára, umbúðir og sárabindi. Farið er í helstu orsakir bruna, flokkun brunasára og skyndihjálpi við bruna. Helstu höfuð-, háls- og hryggáverkum eru gerð skil ásamt brjóst-, kvið- og mjaðmaáverkum. Einnig er farið í beina-, liðamóta- og vöðvaáverka. Kennt er að spelka útlími með áverka. Farið er í bráða sjúkdóma, eitranir, bit og stungur. Fjallað er um viðbrögð við kali og ofkælingu og háska af völdum hita. Farið er í björgun og flutning einstaklinga af slysstað.

### Meginmarkmið

Að nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að geta hjálpað slösuðum og/eða bráðveikum einstaklingum, þar til hjálpi fagfólks tekur við.

### Áfangamarkmið

*Að loknu námi í áfanganum á nemandi að*

- þekkja þá hugmyndafræði sem skyndihjálpi byggir á
- þekkja og geta framkvæmt mat og skoðun á slösuðum einstaklingum
- kunna að bregðast við yfirvofandi lostástandi
- geta brugðist rétt við dauðadái
- þekkja og geta beitt hjartahnoði þegar það á við
- þekkja og geta beitt blástursmeðferð þegar hún á við
- þekkja og geta metið helstu tegundir sára
- þekkja aðferðir til að meta brunasár og kunna að bregðast við bruna
- þekkja helstu höfuð-, háls-, og hryggáverka og geta veitt skyndihjálpi við slíkum áverkum
- þekkja helstu brjóst-, kvið-, og mjaðmaáverka og geta brugðist við þeim
- þekkja helstu beina-, liðamóta-, og vöðvaáverka og geta veitt skyndihjálpi við slíkum áverkum
- kunna að spelka brot/tognanir
- geta veitt skyndihjálpi við bráðum sjúkdómum
- þekkja helstu forvarnir við kali, ofkælingu og ofhitnun og geta veitt viðeigandi skyndihjálpi við slíkum áverkum

### Efnisatriði

Aðskotahlutur, áfengiseitrun, bakáverkar, blástursmeðferð, blóðnasir, brunasár, beinbrot, eftirlit, endurlífgun, eitranir, flogaveiki, hálsáverkar, heilablæðing, hitakrampi, heilahristingur, hjartahnoð, hjartakveisa, kal, kransæðastífla, læst hliðarlega, meðvitundarleysi, ofhitnun, ofkæling, sár, slag, snjóblindu, stuðningsumbúðir, sykursýki, tilkynning, umbúðir, örmögnun, öryggi á slysstað.

### Námsmat.

Bóklegt og verklegt lokapróf.

## SKY 201 Skyndihjálpi

Undanfari: SKY101

### Áfangalýsing

Í áfanganum er byggt ofan á þann grunn sem lagður er í undanfarinum SKY101, s.s. meðhöndlun meiðsla og veikinda. Farið er í áverkaferli, skráningu og tilkynningu slyss. Einnig viðbrögð við hópslysi og dauðsföllum. Fjallað er um viðbrögð við kali og ofkælingu. Leiðbeint er um forgangsröðun á vettvangi, flutning slasaðra af slysstað, móttöku þyrilu og áfallahjálpi á slysstað. Sérstök áhersla er lögð á að glíma við stóraföll og eftirköst þeirra, svo og náttúruhamfarir.

### Meginmarkmið

Að nemendur geti brugðist við óvæntum aðstæðum, s.s. slysum og veikindum ferðamanna í óbyggðum.

### Áfangamarkmið

*Að loknu námi í áfanganum hafi nemandi fengið*

- bóklegar og verklegar æfingar í skyndihjálpi með tilliti til ferðalaga og útivistar í óbyggðum í öllum veðrum
- þjálfun í viðbrögðum ef slys, veikindi eða dauðsfall ber að höndum
- leiðbeiningar um meðhöndlun helstu álagsmeiðsla og veikinda
- kynningu á helstu einkennum ofkælingar og hvernig beri að varast hana
- þjálfun í helstu viðbrögðum við stórslysum og náttúruhamförum
- leiðbeiningar um hvernig kalla á til þyrilu með lækni innanborðs, hvernig velja á lendingarstað fyrir þyrilu og hvernig háttu beri samskiptum við flugmann
- þjálfun í að veita áfallahjálpi og hvernig haga beri samskiptum við slasaða og aðra farþega þar til hjálpi berst

## SVÆ 106 Svæðalýsingar

Undanfari: BOL102, DÝR 101, GRN 101, ATV 101, SAG 101, ÍSA 101.

### Áfangalýsing

Í áfanganum er landinu skipt upp í eftirfarandi svæði:

Reykjavík	Suðurnes
Gullfossshringur	Vesturland
Vestfirðir	Norðurland
Austurland	Suðausturland
Suðurland	Hálendi/óbyggðir
Eyjar	Þjóðgarðar/friðlýst svæði

Fjallað eru um helstu ferðamannaleiðir svæðanna, áhugaverð sérkenni og staðreyndir hvers svæðis fyrir sig. Sérstök áhersla er lögð á menningu, sögu, atvinnulíf, flóru og fínu á hverju svæði auk tengsla við Íslendingasögur, þjóðsögur og nútímabókmenntir. Einnig er athygli beint að þjóðgörðum og friðlýstum svæðum. Nemendum er leiðbeint um hvernig best er að koma að svæðinu og ferðast um það með hliðsjón af skipulagi ferðarinnar og tímasetningum. Svæðalýsingar (SVÆ106) tengjast áföngunum: Tungumálanotkun II (TMN202) og Vettvangsnámi II (VEV204) á þann hátt að um sameiginlegar vettvangsferðir er að ræða.

### Meginmarkmið

Að nemendur þekki helstu ferðamannaleiðir og -staði á hverju svæði. Að nemendur þekki áhugaverðustu staðreyndir hvers svæðis og fái gott yfirlit yfir helstu menningarstofnanir og þá ferðaþjónustu sem í boði er á hverjum stað.

### Áfangamarkmið

*Að loknu námi í áfanganum þekki nemandi*

- aðkomu að svæðinu og helstu ferðamannaleiðir með hliðsjón af skipulagi og tímasetningu hvers svæðis
- áhugaverðustu staðreyndir um helstu ferðamannastaðina
- sögu, atvinnuhætti, jarðfræði, gróður og dýralíf á hverju svæði
- hlunnindabúskap á Íslandi
- þjóðgarða og friðlýst svæði
- hálendi, óbyggðir og virkjanir
- atburði og sögupersónur úr Íslendingasögum/fornsögum, þjóðsögum, ævisögum og nútímaskáldsögum sem tengjast staðnum/svæðinu
- listamenn og söfn sem tengjast staðnum/svæðinu

## SVÆ 112 Svæðalýsingar

### Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað í grófum dráttum um helstu svæði landsins með hliðsjón af akstursleiðum að helstu göngusvæðum. Tilgangurinn er að ferðamaðurinn kynnist áhugaverðustu staðreyndum um land og þjóð, s.s. menningu, sögu, atvinnulífi, flóru og fínu, ásamt atburðum úr fornsögum, þjóðsögum og ferðasögum. Innihald áfangans er í samræmi við áfangann SVÆ106 af almennu kjörsviði.

### Meginmarkmið

Að nemendur þekki aðkomu að helstu göngusvæðum landsins og fái gott yfirlit yfir áhugaverðustu staðreyndir á leiðinni.

### Áfangamarkmið

*Að loknu námi í áfanganum á nemandi að kunna skil á*

- helstu akstursleiðum ferðamanna að göngusvæðum
- áhugaverðustu staðreyndum um helstu staði á leiðinni
- atburðum úr fornsögum, þjóðsögum og ferðasögum sem tengjast akstursleiðinni
- helstu söfnum á leiðinni
- hvernig best er að komast að göngusvæðinu

## SVÆ 114 Svæðalýsingar

### Áfangalýsing

Í áfanganum er fjallað um helstu gönguleiðir og göngumöguleika á Íslandi. Lögð er áhersla á náttúrutúlkun, jarðfræði, gróður og dýralíf og helstu þætti í sögu og þjóðfræði er tengjast gönguleiðinni. Nemendum er leiðbeint um hvernig best er að koma að göngusvæðinu og ferðast um það með hliðsjón af skipulagi, tímasetningu og erfiðleikastigi jafnt á byggðum og óbyggðum svæðum. Nemendur vinna verkefni um ákveðnar gönguleiðir og fá tilsögn um öflun heimilda um þær.

### Meginmarkmið

Að nemendur þekki helstu gönguleiðir og göngumöguleika á Íslandi. Að nemendur þekki það markverðasta á hverri leið.

### Áfangamarkmið

*Að loknu námi í áfanganum á nemandi að kunna skil á*

- aðkomu að svæðinu og helstu gönguleiðum með hliðsjón af skipulagi og tímasetningu hvers svæðis
- helstu göngusvæðum á Íslandi, byggðum og óbyggðum
- áhugaverðum stöðum á gönguleiðum
- jarðfræði, gróðri og dýralífi svæðisins
- helstu þáttum í sögu og þjóðfræði er tengjast gönguleiðinni
- náttúrutúlkun með því að hlusta, horfa, lykta og snerta með náttúruupplifun í huga

## JAR 202 Svæðisbundin jarðfræði

Undanfari: JAR102

### Áfangalýsing

Í áfanganum er tekin fyrir jarðfræði mismunandi ferðamannasvæða á Íslandi. Lögð er áhersla á jarðfræðileg sérkenni hvers svæðis fyrir sig og myndun helstu fyrirbrigða á tilteknum svæðum. Þar má t.d. nefna jarðhitann í kringum Reykjavík, eldvirkni og jarðhita á Reykjanesi, náttúrufar, sig og vatnsbúskap Þingvalla og tengslin við sögu landsins. Háhitasvæðið í Haukadal, Vatnajökul, og eldstöðvarnar sunnanlands, eldvirkni á Snæfellsnesi, í Þingeyjarsýslum og á miðhálandinu og fyrirbæri eins og hvíltirnar á Vestfjörðum. Jafnframt er fylgst með því helsta sem uppgötvast í jarðfræði Íslands á hverjum tíma.

### Meginmarkmið

Að nemendur byggi ofan á grunnþekkingu sína í jarðfræði og öðlist dýpri þekkingu á jarðfræði einstakra svæða og ferðamannastaða.

### Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum **geti nemandi útskýrt fyrir ferðamönnum:**

- jarðfræðileg sérkenni mismunandi landssvæða, s.s.
  - eldgosasögu Íslands
  - virk gossvæði og jarðskjálftasvæði
  - jarðhita í mismunandi landshlutum og nýtingu hans hér á landi
  - jökla, jökulrof og jöklabúskap á mismunandi svæðum
  - hagnýt jarðefni
  - virkjun vatnsafls og gufuafls víða um land
  - steinda- og bergfræði
- kenningar jarðfræðinga um helstu náttúrufrýrbrigði sem sjást á ferðamannaleiðum og ferðamannastöðum

## TMN 102 Tungumálanotkun I

### Áfangalýsing

Í áfanganum er æfður almennur orðaforði í kjörmáli. Ekki er um beina tungumálakennslu að ræða, heldur er leiðbeint um orðanotkun, málfræði, efnistöð og framburð. Nemendur eru þjálfaðir í málhópum eftir kjörmáli þar sem sérstök áhersla er lögð á sérorðaforða í samræmi við námsefni í námsáföngunum Atvinnuvegir (ATV101), Bókmenntir og listir (BOL102), Dýralíf (DÝR101), Gróður og náttúruvernd (GRN101), Íslandssaga (SAG101), Íslenska samfélagið (ISA101) og Jarðfræði (JAR102). Æfð er framsetning og frásagnartækni í viðkomandi tungumáli með hliðsjón af námskeiðinu Leiðsögutækni - samskipti (LES102). Kynnt eru helstu rit um Ísland á viðkomandi tungumáli og gerður er samanburður við heimalönd ferðamannanna. Lögð er áhersla á munnlega færni með raunhæfum verkefnum sem fjalla um mál sem leiðsögumenn þurfa að útskýra í starfi. Safnað er í orðalista í hverju tungumáli.

### Meginmarkmið

Að nemendur öðlist gott vald á almennum og sérhæfðum orðaforða viðkomandi tungumáls í samræmi við námsefni í kjarnánámsgreinum.

### Áfangamarkmið

Að loknu námi í áfanganum hafi nemandi **fengið**

- talþjálfun
- leiðbeiningar um frásagnartækni og framsetningu
- þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum í málhópum
- raunhæf verkefni sem þeir æfa sig í að flytja munnlega og blaðalaust á erlendum tungumálum
- þjálfun í að útbúa stiklur sem nýtast í starfi
- munnlegar æfingar í einstökum efnispáttum kjarnagreinanna

### Námsmat

Námsmat byggist á munnlegri færni og skal endurspeglar markmið og innihald áfangans. Munnlegt próf fer fram í lok annar en sem hluta af lokamati er heimilt er að meta frammistöðu í munnlegri færni yfir önnina. Í kennsluáætlun er nánar kveðið á um framkvæmd námsmats í áfanganum.

## TMN 202 Tungumálanotkun II

Undanfari: TMN102

### Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á þjálfun í kjörmáli á vettvangi. Farið er í æfingaferðir um helstu ferðamannaleiðir í nágrenni Reykjavíkur, s.s. Reykjanes, Gullfoss og Geysi, Þingvelli og Borgarfjörð ásamt Reykjavík. Nemendur fá raunhæf verkefni þar sem þeir æfa sig í að leiðsegja munnlega á erlendum tungumálum. Leiðbeint er um framsetningu á efni. Nemendur fá tækifæri til að æfa notkun hljóðnema og æfa rétta tímasetningu í frásögn. Stefnt skal að því að nemendur fari í ferð með reyndum leiðsögumanni hjá viðurkenndu ferðaþjónustufyrirtæki, á sínu kjörmáli. Tungumálanotkun II tengist áföngunum Vettvangsnámi II (VEV204) og Svæðalýsingum (SVÆ106) á þann hátt að um sameiginlegar vettvangsferðir er að ræða.

### **Meginmarkmið**

Að nemendur æfist í að leiðsegja erlendum ferðamönnum á vettvangi á sínu kjörmáli.

### **Áfangamarkmið**

*Að loknu námi í áfanganum hafi nemandi **farið** í*

- æfingaferð um Reykjavík
- æfingaferð um helstu ferðamannaleiðir í nágrenni Reykjavíkur
- ferð með reyndum leiðsögumanni hjá viðurkenndu ferðaþjónustufyrirtæki
- uppbyggingu og markvissari framsetningu á heildstæðri frásögn á erlendu tungumáli

### **Námsmat**

Námsmat byggist á munnlegri færni og skal endurspegla markmið og innihald áfangans. Munnlegt lokapróf fer fram í lok annar á vettvangi og í kennslustofu. Í kennsluáætlun er nánar kveðið á um framkvæmd námsmats í áfanganum.

## **VOJ 101 Veðurfræði – jöklar**

### **Áfangalýsing**

Í áfanganum er farið í einkenni veðurfars á Íslandi og til fjalla. Fjallað er um vind, veðurlag eftir vindáttum, áhrif landslags á vind og vindkælingu á bert hörund. Einnig er farið í hitastig, landslag og lækun með hæð, úrkomu og úrkomudreifingu, þátt fjalla, skyggni, þoku og skafrenning. Tekin eru fyrir helstu veðurkerfi við Ísland, áhrif sjávar og hafstrauma á íslenskt veðurlag. Sérstök áhersla er á veðurspár, veðurathuganir og ályktunarhæfni. Lítið eitt er fjallað um tunglið, stjörnuhimin og norðurljós. Jafnframt er fjallað um jökla og íshreyfingar, afkomu jökla og afrennsli þeirra, svo og veðurfarsbreytingar og áhrif þeirra á jökla.

### **Meginmarkmið**

Að nemendur þekki helstu einkenni veðurfars á Íslandi, geti túlkað veðurspár og öðlist skilning á veðurbreytingum og áhrifum þeirra með aukinni hæð yfir sjávarmáli.

### **Áfangamarkmið**

*Að loknu námi í áfanganum á nemandi að **kunna skil** á*

- helstu einkennum veðurfars á Íslandi og veðurfari til fjalla
- vindum, úrkomu, loftmassa, skilum, lægðum og veðri samfara þeim
- breytingum á vindi, hitastigi, úrkomu og skyggni með aukinni hæð
- algengustu gerðum jökla á Íslandi, hegðun þeirra og ástandi á mismunandi árstíma

## **VEV 102 Vettvangsnám I**

### **Áfangalýsing**

Í vettvangsnáminu er farið á söfn og stofnanir sem tengjast efnispáttum kjarnagreinanna, s.s. sögu, menningu, atvinnulífi, gróðri, dýralífi, bókmenntum, listum og lífsháttum þjóðarinnar. Lögð er áhersla á að nemendur fái leiðsögn og fræðslu um viðkomandi söfn og stofnanir af fagfólki. Farið er í sérstaka vettvangsferð í þeim tilgangi að skoða jarðfræðifyrirkæri í náttúr- unni.

### **Meginmarkmið**

Að nemendur kynnist söfnum og stofnunum með hliðsjón af efnisþáttum námsins í heimsóknnum á vettvang.

### **Áfangamarkmið**

*Að loknu vettvangsnáminu hafi nemandi **farið** í*

- jarðfræðiferð
- vettvangsferð í stofnun/fyrirtæki sem tengist gróðri og dýralífi
- heimsókn á listasafn
- Þjóðmenningarhúsið

### **Námsmat**

Áfanginn er símatsáfangi sem byggist á mætingu í viðkomandi vettvangsferðir.

## **VEV 115 Vettvangsnám – að sumri**

### **Áfangalýsing**

Í vettvangsnáminu er lögð áhersla á að nemendur fari í dags- og eða lengri gönguferðir. Áfanginn hefst á tveggja daga ferð þar sem lagt er almennt mat á hæfni þátttakenda í gönguferðum. Gengið er með bakpoka annan daginn en án þungra byrða hinn daginn. Farin er krefjandi leið sem reynir á ýmsa þætti ferðamennsku. Á meðan á námstíma stendur fara nemendur í dags- og/eða lengri gönguferðir, alls 5 daga, sem skráðar eru í leiðarbók (loggbók). Nemendur velja ferðir í samráði við leiðbeinanda. Á seinni hluta námstíma og/eða í lok hans fer nemandi í eina og/eða fleiri gönguferðir, alls 6 daga, með ferðamenn undir leiðsögn gönguleiðsögumans. Þær eru í samvinnu við ferðaþjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í gönguferðum.

### **Meginmarkmið**

Að nemendur kynnist starfsumhverfi gönguleiðsögumansins og þekki til aðstæðna á vettvangi að sumri. Að nemandinn öðlist reynslu í gönguferðum við mismunandi aðstæður.

### **Áfangamarkmið**

*Að loknu vettvangsnáminu hafi nemandi **farið** í*

- tveggja daga ferð þar sem lagt er almennt mat á hæfni þátttakenda í gönguferðum
- dags- og/eða lengri gönguferðir, alls 5 daga, á eigin vegum í samráði við leiðbeinanda
- eina og/eða fleiri gönguferðir undir leiðsögn gönguleiðsögumans
- gönguferðir með ferðamenn í samvinnu við ferðaþjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í gönguferðum

### **Námsmat**

Áfanginn er símatsáfangi sem byggist m.a. á þremur námsþáttum: mætingu í ferðir, frammistöðu nemandans í vettvangsferðunum og skilum á leiðarbók (loggbók).

## **VEV 204 Vettvangsnám II**

### **Áfangalýsing**

Í vettvangsnáminu er lögð áhersla á að nemendur fari í æfingaferðir um helstu ferðamannaleiðir landsins. Farnar eru vettvangsferðir um Reykjavík, Reykjanes, Suðurland og Vesturland. Í lok annarinnar er farin hringferð um Ísland. Í æfingaferðunum er lögð áhersla á að nemendur tengi frásagnir við það sem fyrir augu ber hverju sinni, æfi framsögn í hljóðnema, tímasetningu og framsetningu á efni. Jafnframt þjálfast nemendur í öllum helstu verkþáttum í starfi leiðsögumansins og kynnast mismunandi aðstæðum á vettvangi.

Vettvangsnámið tengist áföngunum Tungumálanotkun II (TMN202) og Svæðalýsingar (SVÆ106) á þann hátt að um sameiginlegar vettvangsferðir er að ræða.

#### **Meginmarkmið**

Að nemendur kynnist starfsumhverfi leiðsögumannsins og þekki til aðstæðna á vettvangi. Að nemendur hafi farið um og upplifað helstu ferðamannaleiðir landsins.

#### **Áfangamarkmið**

*Að loknu vettvangsnáminu hafi nemandi farið í*

- vettvangsferð um Reykjavík
- vettvangsferð um Reykjanes
- vettvangsferð um Vesturland
- vettvangsferð um Gullfoss/Geysi/Þingvelli
- æfingaferð með reyndum leiðsögumanni hjá viðurkenndu ferðaþjónustufyrirtæki
- lokaferð – hringferð um landið

#### **Námsmat**

Áfanginn er símatsáfangi sem byggist á mætingu og frammistöðu nemandans í vettvangsferðunum.

## **VEV 215 Vettvangsnám – að vetri**

#### **Áfangalýsing**

Í vettvangsnáminu er lögð áhersla á að nemendur fari í dags- og eða lengri gönguferðir. Í áfanganum er gengið út frá að nemendur hafi mikla reynslu af útivist, ferðalögum og útilegum jafnt að sumri sem vetri. Ætlast er til þess að þeir geti skíðað utan brauta af talsverðu öryggi bæði á gönguskíðum og á fjalla- eða telemarkskíðum. Ekki er gert ráð fyrir að æfa skíðamennsku sérstaklega, heldur að nemendur séu skíðamenn yfir meðallagi. Á meðan á námstíma stendur er farið í dags- og/eða lengri ferðir, alls 5 daga, sem skráðar eru í leiðarbók (loggbók). Nemendur velja ferðir í samráði við leiðbeinanda. Á seinni hluta námstíma og/eða í lok hans er farið í eina og/eða fleiri ferðir, að lágmarki 6 göngudaga, með reyndum leiðsögumanni. Skíðað er með púlku eða bakpoka.

#### **Meginmarkmið**

Að nemendur kynnist starfsumhverfi gönguleiðsögumannsins og þekki til aðstæðna á vettvangi að vetri. Að nemendur öðlist reynslu í göngu- og skíðaferðum við mismunandi aðstæður að vetrarlagi.

#### **Áfangamarkmið**

*Að loknu vettvangsnáminu hafi nemandi farið í*

- dags- og/eða lengri gönguferðir, alls 5 daga, á eigin vegum í samráði við leiðbeinanda
- eina og/eða fleiri göngu- og skíðaferðir undir leiðsögn gönguleiðsögumanns
- æfingaferð á skíðum með púlku eða bakpoka
- gönguferðir með ferðamenn í samvinnu við ferðaþjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í gönguferðum að vetri

#### **Námsmat**

Áfanginn er símatsáfangi sem byggist m.a. á þremur námsþáttum: mætingu í ferðir, frammistöðu nemenda í vettvangsferðunum og skilum í leiðarbók (loggbók).

## **ÖRT 101 Öryggismál – tryggingar - leyfi**

### **Áfangalýsing**

Í áfanganum er fjallað um öryggismál, tryggingar og leyfi í afþreyingu. Áhersla er lögð á almenn öryggisatriði sem og sértæka öryggisþætti í hverjum flokki afþreyingar. Ennfremur er farið í tryggingar fyrirtækja, þátttakenda og farartækja. Lögð er áhersla á lög og reglur um afþreyingu ásamt réttindum og skyldum fyrirtækja og þátttakenda. Farið er í staðla og leyfi sem gilda um einstaka flokka afþreyingar og fjallað er um nauðsynlegt eftirlit með tækjum og búnaði afþreyingarfyrirtækja.

### **Meginmarkmið**

Að nemendur kunni skil á öryggismálum, tryggingum og leyfum er gilda í einstökum flokkum afþreyingar.

### **Áfangamarkmið**

*Að loknu námi í áfanganum á nemandi að **kunna skil** á*

- almennum öryggisatriðum sem nauðsynleg eru í afþreyingarferðum
- sértækum öryggisþáttum í hverjum flokki afþreyingar
- nauðsynlegum tryggingum fyrirtækja, þátttakenda og farartækja í afþreyingu
- leyfum sem afþreyingarfyrirtækjum eru nauðsynleg
- lögum og reglum er gilda um afþreyingu
- réttindum og skyldum fyrirtækja og þátttakenda í afþreyingu
- viðmiðum einstakra flokka afþreyingar
- nauðsynlegu eftirliti með tækjum og búnaði afþreyingarfyrirtækja